

Morgunblaðið/Porkell



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Tómas Ingi Olrich við undirritun samkomulagsins í Háskólabíói í gær.



Morgunblaðið/Porkell

„Fólk spyr: Hvað er þessi kall með prikið eiginlega að gera þarna?“ Vladimir Ashkenazy þakkar þann heiður sem honum er sýndur með nafnbót heiðurshljómsveitarstjóra.

Ashkenazy heiðursstjórnandi

Við undirritun samkomulags ríkis og borgar um byggingu tónlistarhúss, greindi Próstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, jafnframt frá því, að Vladimir Ashkenazy hefði fallist á að gerast heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Um er að ræða fyrstu heiðursstjórnandanafnbót sem hljómsveitin veitir og að sögn Þratar Ólafssonar, framkvæmdastjóra hljómsveitarinnar, er það henni mikill heiður að Ashkenazy hafi samþykkt að taka þessu boði. Fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands þýðir þetta að hún verður tengdari Ashkenazy en áður og setur henni á herðar frekari skyldur um listræna landvinnu og skapandi túlkun. Vladimir Ashkenazy er án efa sá íslenski ríkisborgari sem hvað þekktastur er í heimi sígildrar tónlistar í dag. Ferill hans hefur verið mjög fjölbreyttur; fyrst lagði hann heiminn að fótum sér sem einn mesti píanóleikari okkar daga, en á síðari árum hefur hann lagt meiri áherslu á hljómsveitarstjórn, og hefur stjórnað mörgum fremstu hljómsveitum heims við góðan orðstír. Ashkenazy var einn helsti hvatamaður að stofnun Listahátíðar í Reykjavík og hefur komið þar fram oftast en nokkur annar listamaður. Hann var gerður að heiðursforseta

hátíðarinnar árið 1982. Próstur Ólafsson segir að unnið hafi verið að því í rúmt ár að veita Ashkenazy þessa heiðursnafnbót. „Þessir tveir stóru atburðir dagsins tengjast ekki að öðru leyti en því, að þegar ljóst var að í hvort tveggja stefndi á svipuðum tíma, var unnið að því að hægt yrði að tilkynna um þetta á sama tíma og samkomulagið um tónlistarhúsið yrði undirritað. Fyrir hljómsveitina þýðir það að Ashkenazy gefur hljómsveitinni sitt heiðursnafn að menn sem sjá að hann er okkar heiðursstjórnandi munu líta hljómsveitina öðrum augum en áður. Ég lít þó sérstaklega til þess að það sé hvatning fyrir hljómsveitina að vera tengd þessu nafni til þess að taka á og gera betur. En þótt þessir stóru atburðir tengjast ekki beint verður ekki hjá því horft að nafn Ashkenazy hefur vegið þungt í umræðunni um byggingu tónlistarhúss. Frá því hann byrjaði að móta Listahátíð hér hefur hann lagt meiri orð, talað við ráðamenn og bent þeim á þörfina fyrir tónlistarhúsið. Í nánast hvert einasta skipti sem hann hefur komið hingað eða hitt íslenskan ráðamann hefur hann spurt um húsið. Og þegar svona maður spyr, þá spyrja menn sig auðvitað: af hverju ekki?“



Verðlaunahugmynd um ytra skipulag Tónlistar- og ráðstefnuhúss.

Reykjavíkur, aðalsafn Borgarbókasafnsins, þar eru gallerí, veitingahús, skemmtistaðir og svo bætist tónlistar- og ráðstefnuhús við og auðvitað vildi ég líka sjá Listaháskólann í miðborginni. Þar verður því hin menningarlega deigla sem er svo mikilvæg fyrir borgarsamfélagið og eins hitt að gestir sem heimsækja okkur muni fari beint í miðborgina og upplifa bæði andblæ miðborgarinnar, gömlu Reykjavík og svo þessa nýju kraftmiklu Reykjavík.“

Miklar kröfur gerðar til salarins

Björn Bjarnason, fyrrverandi menntamálaráðherra, segir að með samkomulagi ríkis og borgar um byggingu tónlistarhúss sé miklum og tímabærum áfanga náð miðað við það langa ferli sem málið hefur verið í. „Ég setti þetta af stað 1996, og það hefur verið unnið skipulega að því að skilgreina bæði þarfirnar og finna lóðina. Nú er komið samkomulag um fjármögnunina sem lá reyndar fyrir áður en ég hætti sem ráðherra. Nú er verið að staðfesta samkomulagið, þannig að fyrir mig er þetta ákaflega stór dagur og spennandi að sjá þessa nýju vidd vera að skapast hér í borgarlífinu og lífi allrar þjóðarinnar. Við erum hér að leggja grunn að því að Ísland verði samkeppnisfært að því er varðar flutning tónlistar. Kröfurnar sem við gerum til tónlistarsalarins eru svo strangar að hann verður í fremstu röð í Evrópu og á heimsvísu þegar upp verður staðið, ef þessum kröfum verður fullnægt. Þetta snýst ekki bara um þessi mannvirki, heldur verða menn líka að líta á það hve miklar kröfur hafa verið gerðar á öllu hönnunarferlinu til þess að gæta hagsmuna þeirra sem eiga eftir að hlusta á tónlist og starfa í þessum sal.“

Stefán P. Eggertsson, formaður Samtaka um byggingu tónlistarhúss, segir daginn mikinn gleðidag sem lengi hafi verið beðið eftir. „Við í samtökunum lítum nú reyndar svo á að þegar ríkisstjórn og borgarráð samþykktu í janúar 1999 að beita sér fyrir byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar, þá væru menn búnir að taka hina formlegu ákvörðun. Með þessum samningi er þeim áfanga lokið og hægt að leggja í næsta skref. Það hefur verið hlutverk samtakanna í þessi tuttugu ár til þessa dags, að halda hugmyndinni um tónlistarhúsið lifandi og nú verður það kannski okkar að fylgja því eftir að tónlistarhúsið verði eins og tónlistarmenn hafa séð það fyrir sér og aðstoða þá sem vinna að hönnun þess að skilgreina þarfir og vera vettvangur og samstarfaðili þeirra og tengiliður við tónlistar fólk og tónlistarlíf.“ Aðspurður hvort hann vilji spá um það hvenær fyrstu tónarnir hljómi í tónlistarhúsinu segir Stefán vel geta spáð um það. „Eigum við ekki að segja að það geti orðið í árslok 2006 eða ársbyrjun 2007.“

Samkomulagið mun hvetja Sinfóníuhljómsveitina til dáða

„Þetta er gríðarlega stór dagur og langþráður“, segir Porkell Helgason, stjórnarformaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. „Ég er búinn að fylgjast með þessu sem tónlistar-áhugamaður í áratugi, alveg frá því ég fyrst man eftir mér nánast, og auðvitað höfum við beðið eftir þessu húsi og þráð það. En nú verður ekki aftur snúið. Auðvitað kunna að verða einhver ljón á veginum, en þau verða ekki það stór að þau hindri framförina á neinn hátt. Þetta samkomulag mun hvetja Sinfóníuhljómsveit Íslands til dáða og eins og framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar sagði á sviðinu hér áðan þarf að fara að æfa fyrir opnunartónleikana. Og þótt hann hafi ekki verið að tala um ákveðin verk, þá er það rétt að nú

fara menn að æfa sig í huganum og gera enn betur, þannig að hljómsveitin verði með þeim bestu í heiminum þegar að opnuninni kemur. Hún er þegar orðin mjög góð, en það má alltaf gera betur.“

Porkell vill ekki spá fyrir um hvenær hljómsveitin leikur sinn fyrsta tón í tónlistarhúsinu. „Svona lagað tekur allt sinn tíma og það er betra að tryggja það að það náist sem mest samstaða og að allir séu ánægðir með fyrirkomulag, fjármögnun og hönnun hússins þótt það kunnist að kostnað einhverjar tafir. Það verður ekki stórt mál, við erum búnir að bíða eftir þessu húsi áratugum saman, og hvort það kemur árinu fyrir eða síðar héðan af skiptir varla máli. Ég vona bara að ég lifi það.“

Próstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, kveðst ákaflega glaður yfir því að samkomulagið skuli vera í höfn. „Það er ýmislegt sem breytist strax í okkar skipulagningu þegar þetta samkomulag liggur fyrir. Starf okkar er þannig að það þarf að skipuleggja það mörg ár fram í tímann. Nú liggur það fyrir að við getum átt von á því að fara í nýtt hús árið 2006 eða 7, og þetta er það skammt undan að við hljótum að taka mið af því þegar við leggjum drög að skipulagningu þeirra ára að við viljum gera eitthvað sérstakt; – fá hingað sérstaka listamenn til að vera með okkur fyrsta árið í nýja húsinu. Við munum að sjálfsgöðu ráðgast um það við okkar nýja heiðursstjórnanda, Vladimir Ashkenazy, því hann hefur sjálfur mikinn áhuga á að taka þátt í þeirri skipulagningu.“

Það hefur verið beðið eftir tónlistarhúsi í að minnsta kosti fjórtíu ár. Fyrir Rúmlega ári fór ég út og talaði við Daniel Barenboim og það hann að koma hingað til að stjórna eða leika. Hann spurði mig strax: Eruð þið enn þá í bíóinu? Ég sagði: já, því miður, og hann svaraði strax: nei, takk!

Hljómsveitin hefur búið hér við mjög slæman aðbúnað ef svo má segja. Aðbúnaður hljómsveitarinnar í kjallaranum, aðbúnaður okkar á skrifstofunni og hljómburðurinn í húsinu er langt fyrir neðan það sem er hjóðandi á 21. öld. Þess vegna er það svo ákaflega gleðilegt að menn skuli hafa drifið sig í þetta, loksins, loksins, loksins! “

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið

Í samkomulagi ríkis og borgar er gert ráð fyrir að hönnun taki mið af því að tónlistarhúsið og ráðstefnumiðstöðin muni rúma eftirfarandi:

- Sérhannaðan tónleikasal í háum gæðaflokki fyrir um 1.500 áheyrendur, þar af 200 fyrir aftan svið. Þau sæti verði einnig unnt að nýta fyrir kór og mun salurinn þá rúma 1.300 áheyrendur.
- Sérhannaðan sal til ráðstefnuhalds sem rúmi um 500 manns í „skólastofu-uppröðun“ en um 750 manns í „bíóuppröðun.“ Salnum verði unnt að skipta í tvo minni sali.
- Æfinga- og tónleikasal þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu til æfinga fyrir stóra sinfóníuhljómsveit og kór, samtals um 240 manns. Salurinn rúmi um 450 áheyrendur á kammertónleikum. Salurinn geti auk þess nýst til ráðstefnuhalds.
- Aðstöðu listamanna og skrifstofur Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
- Um 16 smærri funda- og ráðstefnurými sem samanlagt taki um 400–500 manns í sæti.
- Þjónusta-, stoð- og tæknirými sem tilheyra tónlistarhúsi og ráðstefnumiðstöð af þessari stærð. Reiknað er með að samanlagt stærð tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar verði um 15.000 m².

arnorg@mbl.is og begga@mbl.is